



Borgarráð

Þjóðarleikvangur í frjálsum íþróttum

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í að fjármagna hönnun á þjóðarleikvangi í frjálsum íþróttum í samræmi við meðfylgjandi skýrslu starfshóps um þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum. Gert er ráð fyrir að kostnaðarskipting skiptist til helminga milli Reykjavíkurborgar og ríkisins. Viðauki við fjárfestingaáætlun verður unninn og lagður fyrir borgarráð til samþykktar þegar kostnaðaráætlun fyrir hönnunina liggur fyrir.

Greinargerð:

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp um þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir þann 1. febrúar 2021. Starfshópurinn hafði það hlutverk að afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir voru eða hvort ný mannvirki þyrfti til að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum. Jafnframt var starfshópnum ætlað að skoða kostnað ríkis og Reykjavíkurborgar vegna þjóðarleikvangs, bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu leikvangs ef þörf væri á uppbyggingu sem og nýtingu mannvirkisins. Starfshópurinn skilaði lokaskýrslu þann 22. september 2021. Lykilatriði og útgangspunktur er að rekstur og stjórnun sé með þeim hætti að þjóðarleikvangur í frjálsíþróttum sé heimavöllur frjálsíþróttahreyfingarinnar. Í skýrslunni voru lögð fram drög að forathugun þar sem gert var gróft mat á stofnkostnaði þeirra lausna sem koma til álita.

Viðræður hafa verið í gangi um nokkurt skeið milli ríkis og borgar varðandi þátttöku í fjármögnun sem nú hefur komist niðurstaða um á þann hátt að ríkið og Reykjavíkurborg muni sameiginlega fjármagna hönnun á þjóðarleikvangi í frjálsum íþróttum.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Þjóðarleikvangur fyrir frjálsíþróttir – skýrsla starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 22.09.2022.

Bréf starfshóps til borgarstjóra, dags. 22.09.2022.

Þjóðarleikvangur fyrir frjálsíþróttir

Skýrsla starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra

22. september 2021

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Samantekt og helstu niðurstöður	3
3. Reglugerð um þjóðarleikvanga og frjálsíþróttir	5
4. Nýting mannvirkja og staðarval	5
5. Þarfir, tækifæri, nýting og tenging inniaðstöðu	7
Nýting vallar	7
Rekstur þjóðarleikvangs í frjálsíþróttum	7
6. Kostnaður við uppbyggingu og rekstur	8
7. Önnur atriði varðandi uppbyggingu	10
8. Kröfur til keppnissvæðis	10
Upphitunarsvæði	11
Áhorfendasvæði	12
Sérkröfur vegna mótahalds og æfinga á Íslandi	12
Keppni fatlaðra í frjálsíþróttum	12
Tækni- og mótstjórn á keppnissvæði	13
Aðstaða utan keppnissvæðis	13
9. Hönnun og nýting mannvirkis	14

1. Inngangur

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp um þjóðarleikvang fyrir frjálsíþróttir þann 1. febrúar 2021. Í starfshópinn voru skipuð þau Freyr Ólafsson formaður FRÍ sem formaður starfshópsins, Örvar Ólafsson og Marta Skúladóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Ómar Einarsson og Kristjana Ósk Birgisdóttir frá Reykjavíkurborg og Þórey Edda Elísóttir fyrir hönd Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Auk framangreindra starfaði Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ með nefndinni.

Í skipunarbréfinu kemur fram að:

„Í gildi er reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum. Starfshópnum er ætlað að vinna forvinnu sem upplýsir betur hvernig ber að vinna eftir reglugerðinni, afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir eru eða hvort ný mannvirki þarf til þess að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum. Einnig er mikilvægt að skoða kostnað ríkis og Reykjavíkurborgar vegna þjóðarleikvangs, bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu leikvangs ef þörf er á uppbyggingu sem og nýtingu mannvirkisins.“

Hópurinn starfaði yfir lengra tímabil en skipunabréf gerði ráð fyrir eða frá 1. febrúar til 20. september 2021. Á starfstímanum fundaði hópurinn allur níu sinnum auk samráðs utan funda. Verkefnið reyndist umfangsmikið og tengdist ytri vinnu hagaðila svo sem vinnu starfshóps Reykjavíkurborgar er varðar heildarskipulag Laugardalsins, en Reykjavíkurborg er með til skoðunar deiliskipulagi íþrótt- og grænu svæðanna í Laugardalnum. Fjölmarginir aðilar hafa hagsmuna að gæta á svæðinu og verður því vinna FRÍ að taka mið af áherslum almennt, en þó með sérstakri áherslu á úrlausnir fyrir frjálsíþróttir á alþjóðavísu.

2. Samantekt og helstu niðurstöður

Til framtíðar er ljóst að vöxtur og viðgangur frjálsíþróttar á Íslandi byggir á því að forræði yfir frjálsíþróttamannvirkjum sé beintengt frjálsíþróttasamfélaginu. Þannig sé tryggt að frjálsíþróttafólk geti æft og keppt við bestu aðstæður án þess að vera háðir tímaskipulagi annarra íþróttar eða viðburða.


Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ef þjóðarleikvangur í knattspyrnu verður áfram á Laugardalsvelli þá sé framtíð frjálsíþróttastarfs best borgið á nýjum leikvangi fyrir norðan Suðurlandsbraut, austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg. Mannvirki sem mun tengjast núverandi frjálsíþróttahöll, öðrum íþróttamannvirkjum sem og öðrum opnum svæðum í Laugardal.

Þjóðarleikvangur á þessum stað myndi verða vel nýttur af ýmsum aðilum. Fyrst er að telja alþjóðlegt keppnishald og stærri mót á vegum FRÍ og ÍF, æfingar afreksmanna, æfingar barna-, unglinga og annarra í hverfisfélögum í Reykjavík en einnig sem möguleg aðstaða fyrir afreksíþróttamiðstöð í Laugardalnum, auk rannsókna, þjálfunar og kennslu í skólum. Síðast en ekki síst að geta orðið mikilvægur lýðheilsuvettvangur, sem aðgengilegt og að hluta til upphitað svæði fyrir almenning, utan framangreindrar notkunar.

Frumáætlanir nefndarinnar gera ráð fyrir að stofnkostnaður við þjóðarleikvangssvæðið allt sé í kringum tvo milljarða króna á núvirði, sem ætti að koma betur í ljós á næstu stigum.

Nefndin telur mikilvægt að ríkið tryggi stofnframlag til mannvirkisins. Treysta þarf rekstrargrundvöll vegna afreksstarfs og alþjóðlegrar samvinnu.

Þar sem hugmyndir nefndarinnar hafa verið skoðaðar í ljósi heildar skipulags Laugardalsins sér nefndin ekkert því til fyrirstöðu að hefja hönnun og síðar framkvæmdir svo fljótt sem samkomulag næst.



Mynd 1: Tillaga að staðsetningu þjóðarleikvangs við hlið frjálsíþróttahallar í Laugardal

3. Reglugerð um þjóðarleikvanga og frjálsíþróttir

Í apríl 2018 var gefin út af mennta og menningarmálaráðuneytinu reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum. Reglugerðin byggir á íþróttalögum og niðurstöðu úr stefnumörkun ráðuneytisins í íþróttamálum.

Reglugerðin gildir um viðurkenningu íþróttamannvirkja sem þjóðarleikvangar í íþróttum, með hvaða hætti slík viðurkenning er veitt og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að öðlast viðurkenningu. Reglugerðin gildir einnig um aðkomu ráðuneytisins í fjármögnun verkefna sem tengjast þjóðarleikvöngum. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að íþróttagreinar sem hafa sterka stöðu alþjóðlega og skipuleggja alþjóðlega viðburði á Íslandi hafi nauðsynlega umgjörð og aðgengi að íþróttamannvirkjum sem standast kröfur um slíkar keppnir.

Starfshópurinn kynnti sér reglugerðina og þær kröfur sem gerðar eru til þjóðarleikvanga ásamt niðurstöðum starfshóps ÍSÍ um þjóðarleikvanga. En þar kom fram skýr þörf á byggingu þjóðarleikvangs fyrir frjálsíþróttir meðal annars vegna sterkrar alþjóðlegrar stöðu frjálsíþróttar sem og afreksstarfs FRÍ í A-flokki samkvæmt flokkun ÍSÍ. Upplýsingaöflun starfshópsins og inntak skýrslunnar eiga að uppfylla þær kröfur sem fram koma í reglugerðinni.



4. Nýting mannvirkja og staðarval

Í skipunarbréfi segir að starfshópnum sé ætlað að:

“afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir eru eða hvort ný mannvirki þarf til þess að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum.”

Alþjóðlegt samstarf er mikið á sviði frjálsíþróttar, líkt og á öðrum sviðum hér á landi. Samstarf snýst um að starfa saman, gefa og þiggja. Geta tekið þátt í keppni erlendis, en jafnframt til að geta talist þjóð meðal þjóða, að bjóða til keppni hér á landi. Til þess að svo megi vera þarf að vera til staðar leikvangur sem er fullgildur til slíkra heimboða. Þannig er þjóðarleikvangur forsenda fyrir þátttöku frjálsíþróttafólks í ýmsu alþjóðlegu samstarfi svo sem Norðurlandasamstarfi, samstarfi smáþjóða í Evrópu auk annars Evrópusamstarfs. Hér mætti t.d. nefna Norðurlandameistaramót (NM) fyrir iðkendur U23, NM í fjölþrautum, Smáþjóðaleika, Smáþjóðameistaramót og Evrópubíkarkeppni. Þá er þjóðarleikvangur einnig forsenda fyrir að geta t.d. boðið upp á stórmót eldri frjálsíþróttafólks sem mikill áhugi er fyrir að halda hér á landi.

Til þess að frjálsíþróttavöllur geti tekið á móti framangreindum viðburðum þarf mannvirkið að uppfylla margvíslegar þarfir. Þar er fyrst að telja að einn stakur frjálsíþróttavöllur er ekki nóg, vegna krafna um upphitunaraðstöðu. Þá er einnig mikilvægt að gott aðgengi sé að gistirými

fyrir iðkendur, starfsmenn og áhorfendur í nágrenni. Þegar litið er til þessara krafna þrengist hringurinn nokkuð er varðar að líta til staðsetningar

Frá sjónarhóli FRÍ má segja að núverandi mannvirki á Laugardalsvelli, auk kastsvæðis og aðgengis að frjálsíþróttahöllinni í Laugardal henti ágætlega fyrir stærri alþjóðlega viðburði, þegar mannvirkin eru í nothæfu ástandi. Almennt þurfa mannvirkin að uppfylla reglur og vera í nothæfu ástandi. Ekki er hér verið að fjalla um stöðumat á núverandi mannvirkjum enda ekki tilgangur skýrslunnar.

Þó til staðar sé frjálsíþróttavöllur í Laugardal þá ræðst aðgengi að honum af hagsmunum rekstraraðila, KSÍ. Frjálsíþróttafólk er því víkjandi og ekki í forgangi á núverandi þjóðarleikvangi í Laugardal, sem augljóslega er slæmt fyrir íþróttina.

Einnig má benda á að Þjóðarleikvangur ehf. sem er samstarf ríkis, Reykjavíkurborgar og KSÍ varðandi framkvæmdir á Laugardalsvelli gerir ekki ráð fyrir frjálsíþróttaaðstöðu á Laugardalsvelli til framtíðar. Verði hins vegar tekin ákvörðun um að reisa nýjan þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu á nýjum stað er ekkert því til fyrirstöðu að nýta núverandi Laugardalsvöll, uppfærðan til ný tíma krafna og svo breyttan kastvöll, auk stuðnings af frjálsíþróttahöll fyrir stórmót.



Í íslenskri veðráttu er mikill styrkur í því að geta boðið upp á a.m.k. hluta af upphitunarsvæði innanhúss líkt eins og er fyrir hendi í Laugardal. Hér hefur ekki verið lagst í hagræna staðarvalsgreiningu en almennt eru sjónarmið þeirra hagaðila sem standa að íþróttasamfélaginu, frjálsíþróttasamfélaginu sem og annarra þau að þjóðarleikvangur fyrir frjálsíþróttir þurfi að vera í nálægð annarra íþróttamannvirkja og miðsvæðis.

Í þessu ljósi hefur nefndin komist að því að ef frjálsíþróttavöllur verður ekki á Laugardalsvelli þá sé besta staðsetning þjóðarleikvangs í frjálsíþróttum á nýjum leikvangi austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg, þar séu kjöraðstæður og öll hliðarskilyrði sem hér hafa verið nefnd uppfyllt. En annars, ef þjóðarleikvangur í knattspyrnu fer annað er núverandi Laugardalsvöllur fyrsta val sem aðalvöllur fyrir frjálsíþróttamenn.

Nýting á mannvirkjum til framtíðar

Mikilvægt er að þjóðarleikvangur í frjálsíþróttum standi ekki einn og og tómur bíði eftir sjálfum sér er varðar keppnishald á alþjóðavísu, heldur sé tryggt að nýting mannvirkisins sé góð. Ætti hún að geta orðið umfangsmikil utan alþjóðlegra viðburða. Er þar fyrst að telja hverfafélögin í Reykjavík í frjálsíþróttum svo sem Ármann, KR og Fjölni sem búa ekki við neina útiaðstöðu í dag. Þá er einnig aðstaða annarra frjálsíþróttadeilda utan Reykjavíkur þannig að gott getur verið að leita í Laugardalinn eftir lausnum, hvort sem er inni eða úti.

Óhætt er að benda á að leikvangur ásamt upphitunar og kastvelli getur orðið aðdráttarafi fyrir fólk á öllum aldri og getustigum til þess að hlaupa, kasta, stökkva og ganga!

Ljóst er að breytt aldurssamsetning þjóðarinnar mun hafa áhrif á næstu áratugum og því mikilvægt að huga frekar að möguleikum eldri þjóðfélagsþegna til hreyfingar. Þannig getur

nýtt og breytt svæði í Laugardal ekki einungis tryggt aðstæður fyrir keppnishald og afreksstarf heldur einnig þátttöku yngri sem og eldri íbúa landsins.

Að síðustu þarf að muna að völlurinn getur einnig nýst til afkastamælinga fyrir aðrar íþróttir og tengst þannig beint umræðu um afreksíþróttamiðstöð og tengingu við háskólasamfélagið varðandi kennslu og rannsóknir.

5. Þarfir, tækifæri, nýting og tenging inniaðstöðu

Helsti tilgangur og tækifæri fyrir nýjan frjálsíþróttavöll í Laugardal eru margþætt:

1. Að tryggja aðstöðu til alþjóðamóta í höfuðborginni.
2. Að tryggja aðgengi frjálsíþróttafólks til æfinga og mótahalds á sérhæfðum velli.
3. Að skapa heimavöll fyrir tengd félög í þeirra hverfi og framúrskarandi aðstöðu.
4. Að taka á móti almenningi til eflingar sinni heilsu allt árið, lýðheilsuvöllur.
5. Að geta tekið á móti margskonar íþróttahópum til mælinga á afkastagetu sinni.

Nýr frjálsíþróttavöllur í Laugardal verði búinn þannig að hann geti tekið við alþjóðlegum mótum, með átta hringbrautum. Alþjóðlegur völlur verður þar með þjóðarleikvangur í frjálsíþróttum. Völlurinn þarf að uppfylla kröfur World Athletics (hér eftir einnig nefnt WA) til keppnisvalla „Competition Classification“. Competition Categories 2 (Area, Regional or Group Association) og Construction Categories II.

Völlurinn getur orðið lykilíþróttasvæði í Laugardal. Staðsetning og umgjörð eru kjörin fyrir stóra alþjóðlega viðburði sem og vegna vísindalegra mælinga og kennslu í íþróttafræðum og afreksstarfs sersambanda hvort heldur er í frjálsíþróttum eða öðrum íþróttagreinum.

Nýting vallar

Með rétttri hönnun nýtist völlurinn ásamt æfingasvæði vel til æfinga yngri flokka og til námskeiðahalds og hentar til að framkvæma fjölmenn barna- og unglíngamót ásamt fjölþrautarmótum. Nálægðin og tengingarmöguleikar við frjálsíþróttahöllina í Laugardal er eitthvað sem þarf að horfa sérstaklega til.

Á vellinum má ætla að verði haldin mót nokkrum sinnum í mánuði, þéttar yfir sumarmánuðina enda allur búnaður til staðar og upp settur. Þetta eru skólakeppnir, félagamót, meistaramót yngri flokka, fullorðinna, alþjóðamót í fjölþrautum, einstaklingsgreinum, Smáþjóðaleikar og Evrópubíkarkeppni, mót á vegum frjálsíþróttanefndar Íþróttasambands fatlaðra, eftir reglum IPC-Athletics með þátttöku erlendra gesta og svo mætti áfram telja.

Utan æfinga frjálsíþróttafélaga gefst færi á að bjóða hlaupahópum, eldri borgurum, skólum og fleiri hópum að nýta sér völlinn til æfinga og mælinga.

Rekstur þjóðarleikvangs í frjálsíþróttum

Lykilatriði og útgangspunktur er að rekstur og stjórnun sé með þeim hætti að þjóðarleikvangur í frjálsíþróttum sé heimavöllur frjálsíþróttahreyfingarinnar. Því nær sem rekstur og stjórn er frjálsíþróttahreyfingunni, því betra. Mikilvægt er að það gerist á þann hátt

að frjálsíþróttahreyfingin og sérsambandið komi að aðgangsmálum þjóðarleikvangsins og tryggi að allir hagaðilar séu upplýstir, svo sem í gegnum tímaúthlutun ÍBR, en kjöraðstaða er að frjálsíþróttahreyfingin sé beinn samningsaðili vegna úthlutunar á velli til mótahalds, æfinga eða annarra viðburða. Eigandi vallarins útvisti því umsjón vallarins til frjálsíþróttahreyfingarinnar. Á þennan hátt er m.a. tryggt að frjálsíþróttahreyfingin hefur forgang að vellinum varðandi alþjóðleg mót og æfingar landsliðshópa. Öll önnur félög hefðu möguleika á að sækja um að halda mót á vellinum, halda úti æfingum og keppni, ef svo ber undir sbr. nýtingu vallar og þá hópa sem sækja völlinn heim.

Þó í þessari skýrslu sé fyrst og fremst rætt um nýjan þjóðarleikvang þá sér nefndin mikil tækifæri í því að eftir uppbyggingu myndi frjálsíþróttaaðstaðan í Laugardal ákveðna heild, með samtengingu við frjálsíþróttahöll í Laugardal. Með nýrri uppbyggingu og samningum má tryggja gott aðgangs- og rekstrarfyrirkomulag um völlinn auk frjálsíþrótt- og lyftingaaðstöðu innandyrna í frjálsíþróttahöll, þannig að sú röskun sem hefur orðið á undanförunum árum með síendurteknum hætti mildist verulega, en það tjón sem sú truflun hefur haft í för með sér er nú þegar orðið mikið. Það er ekki ásættanlegt að ekki sé til staðar trygging fyrir því að frjálsíþróttastarfsemi geti verið stunduð óhikað allan ársins hring. Ákall þjóðarinnar á Ólympíuári um fleira afreksfólk kallast á við umræðu um aðstöðu eða aðstöðuleysi.

6. Kostnaður við uppbyggingu og rekstur

Hlutverk starfshópsins var m.a. að kanna kostnað vegna stofnframkvæmda og rekstur til framtíðar eða eins og segir í skipunarbréfi hópsins *“skoða kostnað ríkis og Reykjavíkurborgar vegna þjóðarleikvangs, bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu leikvangs ef þörf er á uppbyggingu sem og nýtingu mannvirkisins”*

Á þessu stigi forathugunar er erfitt að gera nákvæma grein fyrir framkvæmdakostnaði. Mikil óvissa er fólgin í þessari umfangsmiklu framkvæmd.

Stofnkostnaðaráætlanir þurfa m.a. að innifela:

- Undirbúningskostnað
- Öll áhöld, tæki og búnað
- Deiliskipulagsgerð og skipulagsbreytingar
- Verkefnastjórn
- Hönnun, samning um fullnaðarhönnun og hönnun á framkvæmdatíma
- Önnur ráðgjöf eins og rýniráðgjöf, innkauparáðgjöf, lögfræðiráðgjöf og kostnaðarráðgjöf
- Hönnun utan samnings svo sem rannsóknir, öryggishönnun og fleira
- Umhverfisúttektir
- Leyfisgjöld, skipulagsgjald, yfirferð sérupdrátta
- Daglegt verkefirlit og fagefirlit
- Tengikostnað veitna
- Framkvæmdakostnað samkvæmt magntölum og einingaverði
- Listskreytingar samanber stefnumörkun eða myndlistarlög
- Ófyrirséð, magntölubreytingar, aukaverk
- Óvissu, viðbótarverk vegna breytinga

Þar sem vinna hópsins miðar ekki að því að vinna til hlítar þá hugmynd sem hefur verið varpað fram eru hér einungis sett fram drög að forathugun (-15% til +30%). Gert er gróft mat á stofnkostnaði þeirra lausna sem koma til álita á grundvelli reynslutalna.

Mikilvægt er að rýna vel frumkostnaðaráætlanir en með þeim hætti er hægt að ná fram mildun á óvissu áætlunargerðarinnar. Við að rýna áætlanir, er verið að reyna að ná fram staðfestingu kostnaðartalna, einnig að sannreyna forsendur, viðhafa virka kostnaðargát, kalla eftir reynslu úr öðrum verkum, draga úr áhættu og auka aðhald hjá verkkaupa og hönnuðum.

Starfshópurinn telur að grunnmat á stofnkostnaði valla, áhorfendaaðstöðu og búnaðar sé um 2.000 milljónir króna, með vikiðum.



Starfshópurinn leggur til að nú þegar verði sett af stað undirbúningsvinna með þríhliða samkomulagi Reykjavíkurborgar, ríkisins og FRÍ þar sem lagt er upp með að Reykjavíkurborg sé leiðandi aðili. Á undirbúningstíma er unnið að skipulagsgerð og allri áætlunargerð þar með talið hönnun og samhliða mati á kostnaði.

Rekstrarkostnaður frjálsþróttavallar felur í sér nokkra þætti eins og viðhald, almenna daglega umsjón en einnig þætti eins og upphitunarkostnaður. Gróft mat er að hitunarkostnaður fari ekki undir 4-5 milljónum á köldustu mánuðum ársins, ef allar brautir eru upphitaðar eða um 20 mkr.

Starfsmannakostnaður er meiri yfir sumarið og mætti tengja öðrum sambærilegu lausnum með vinnu skólanema. Umsjónaraðili þarf þó alltaf að vera til staðar, hvort sem hans vinna er samnýtt með öðrum aðilum á svæðinu eða ekki. Gera má ráð fyrir um 20 mkr. starfsmannakostnaði á ári. Hér þarf aftur að bera saman við annan sambærilegan mannvirkjarekstur þannig að áætlun byggji á reynslutölum.

Rekstrarkostnaður valla svo sem sandur, viðgerð á grasi, sláttur, tartan o.þ.h. ásamt rekstrarkostnaði húsnæðisins (búningsklefum, stjórnun, áhorfendaaðstaða) sem þyrfti að skoða sérstaklega, fer eftir fermetrum sem er verið að reka, rafmagn, hiti, loftræsting, ræsting, sorphirða o.s.frv.

Í öllum ofangreindum rekstrarliðum þarf á undirbúningsstigi að fá viðmið frá öðrum sambærilegan mannvirkjarekstur þannig að áætlun byggji á reynslutölum.

Langsamlega mestar líkur eru á að Reykjavíkurborg verði eigandi mannvirkisins. Mætti í slíku fyrirkomulagi búast við að innri leiga gæti verið á bilinu 180 til 230 milljónir króna á ári.

Samkomulag þarf að liggja fyrir um það hvernig stofnkostnaði er skipt milli aðila sem koma að mannvirkjunum, en ekki síður rekstrarkostnaði og fyrir liggi rekstrarlíkan.

Ef samkomlag næst um að Reykjavíkurborg beri ábyrgð á öllum rekstrarkostnaði þarf engu að síður að nást samkomulag um stuðning og aðkomu ríkis varðandi afreksstarf á völlum. Þar er að telja m.a. æfingar og keppni yngri og eldri landsliða og hópa, afreksmælingar annarra landsliða og hópa auk nýtingar háskóla- og rannsóknarstofnana.

7. Önnur atriði varðandi uppbyggingu

Ýmis önnur atriði er mikilvægt að hafa í huga varðandi uppbyggingu mannvirkja og verður hér að neðan tæpt á nokkrum og tekið fram að listinn er ekki endanlegur:

- Tækifæri felast í tengingu svæðisins við almenningssamgöngur eins og Borgarlínu og mögulegan þjóðarleikvang í innanhúsiþróttum.
- Mikilvægt er að hafa í huga að undanfarin ár hefur verið unnið að skoðun á frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal. Þær hugmyndir sem hér eru settar fram um uppbyggingu frjálsíþróttamannvirkja, falla sérstaklega vel að öðrum hugmyndum, en rekast ekki á eða keppir við þær. Þar má nefna nú þegar samþykktu uppbyggingu á íþróttavöllum Þróttar, sem jafnframt er tilbúið til þess að afsala sér því svæði sem nefndin hefur haft til skoðunar.
- Nefndin hefur kallað eftir gögnum um veðurfar á nýju vallarsvæði frá Veðurstofu Íslands. Gögnin verða tilbúin á næstu vikum. Líklegt verður að teljast að frekari greininga og rannsókna sé þörf samhliða hönnun vegna fyrirbyggjandi aðgerða.
- Vinna þarf kerfisbundna nálgun á verðbótaútreikningi.
- Upplýsingastreymi til hagaðila sé með sem bestum hætti svo fyrir liggi hvernig verkinu vindur fram.
- Tryggja þarf að notendur komi að rýni og samþykki hönnun þegar að því kemur. Notendur eru meðal annars iðkendur, þjálfarar, sjálfboðaliðar, rekstraraðila og stjórnendur, fatlaðir sem ófatlaðar.
- Hagkvæmni er í tengingu við frjálsíþróttahöllina. Þá möguleika þarf að skoða betur í hönnunarferli. Styrkur er í því að svæðin myndi eina heild.
- Tryggja þarf að að mannvirkin nýtist í samræmi við framsýna lýðheilsustefnu þar sem möguleikar mannvirkjanna eru nýttir fyrir flesta hópa þó að í forgrunni sé alltaf frjálsíþróttastarfsemi. Mannvirkin eru þannig byggð upp, til lengri og skemmri tíma sem íþróttasvæði á alþjóðavísu, sem starfssvæði fyrir íþróttafélög í Reykjavík og einnig til nýtingar fyrir íþróttafélög á öllu landinu til mótshalds.

8. Kröfur til keppnissvæðis

Neðangreint má finna samantek yfir helstu kröfur sem nefndin með stuðningi sérfræðinga hefur tekið saman varðandi þjóðarleikvanginn:


- 8 brautir – 400 m hring, lagt viðurkenndu efni sem uppfyllir kröfur WA.
- 8 brautir fyrir 100 m hlaup og styttri grindahlaupin.
- Vatnsgryfja fyrir hindrunarhlaup
- Langstökk og þristökksgryfjur (2 stk) við hvorn enda – mótsvið stúku. Hægt sé að keppa samtímis á tveimur svæðum.
- Hástöksaðstaða, þannig að hægt sé að keppa í hástökki á tveimur svæðum samtímis.
- Stangarstöksaðstaða á tveimur stöðum, tvær brautir á hvorum stað, þannig að hægt sé að keppa í stangarstökki á tveimur svæðum samtímis, þarf að vera hlaupið í sömu átt.
- Kringlukasthringir á tveimur stöðum á velli, með búrum.
- Sleggjukasthringur með búi, á sama stað og annar kringlukasthringurinn er.

- Spjótkastatrenna á tveimur stöðum.
- Kúluvarpshringir, tveir hringir þannig að hægt sé að keppa í kúluvarpi á tveimur svæðum samtímis, þarf að vera kastað í sömu átt.
- Öll áhöld og tæki séu til staðar fyrir alþjóðlega keppni í öllum greinum frjálsíþrótta í öllum aldursflokkum.

Heildarsvæði undir keppnisvöll er um 177 m x 92,5 m

Þá þarf öryggissvæði kringum keppnissvæðið, þannig að heildarstærð keppnissvæðis með öryggissvæði verður um 180 m x 100 m.

Sjá úr opinberum gögnum WA að neðan, en einnig í kafla 6 um hönnun og nýtingu mannvirkis.



Upphitunarsvæði

Kjöraðstaða væri að hafa að minnsta kosti 4 brautir, með sama radíus og keppnisvöllurinn, heildarlengd 200 m og þar af bein braut a.m.k. 60 m. Í vinnu nefndar hefur þó komið fram sú hugmynd, vegna nálægðar og samnýtingarmöguleika við frjálsíþróttahöll að upphitunarsvæði verði ekki með hringbraut heldur góðri beinni braut sbr. teikningu á öftustu blaðsíðu.

Á upphitunarvelli væri góð upphitunaraðstaða fyrir sprett og stökkgreinar auk góðs æfingarsvæðis fyrir kastgreinar þar sem ítrustu öryggiskröfur eru uppfylltar, svo upphitun og æfingar geti farið fram samtímis í fjölda greina.

Til þess að tryggja nýtingu er nauðsynlegt að kasthringir séu upphitaðir og svæði sé upplýst.



Ljóst er að tækifæri felast í tengingu upphitunarsvæðis við opin svæði og stíga í nágrenninu þá með þarfir í huga varðandi æfingar og keppni í víðavangshlaupum auk annarrar nýtingar ýmissra æfingahópa og almennings varðandi hreyfingu.

Áhorfendasvæði

Krafa er af hálfu European Athletics varðandi aldursflokkamót í Evrópu að stúkur rúmi að lágmarki 5.000 manns, en aðildarríki hafa fengið undanþágu á þeim grunni að áhorfendaaðstaðan sé byggð í áföngum.



Aldursflokkamót European Athletics hafa ekki verið haldin hér á landi og horfir nefndin því til þess að í fyrsta áfanga muni áhorfendaaðstaða leikvangsins rúma um og undir 2000 manns. Sá fjöldi er innan marka fyrir allt það reglulega alþjóðlega mótasamstarf sem FRÍ á í svo sem á Norðurlanda- og Smáþjóðagrunni.

Sérkröfur vegna mótahalds og æfinga á Íslandi

Hægt verði að keppa á báðum langhliðum í 60-100 m og styttri grindahlaupunum, vegna aldursflokkamóta.

Merkingar vallarins skv. alþjóða reglum en taki einnig til keppni yngri flokka.

Merki verði á tíu metra millibili allan hringinn við innstu braut vegna æfinga og vísindamælinga.

Metrakvarði verði meðfram stökkbrautum í lang-, þrí-, og stangarstökki og í spjótcasti.

Kasthringir séu upphitaðir, þannig að hægt sé að keppa og æfa allt árið.

Sérkrafa 10 brautir fyrir 100 m hl og styttri grindahlaupin.

Lýsing sé tryggð svo hægt sé að nýta aðstöðuna betur til æfinga og keppni.

Að lágmarki hluti hlaupabrauta sé upphitaður sem tryggir margfalt betri nýtingu yfir vetrartímann.

Keppni fatlaðra í frjálsíþróttum

Keppnisvöllur uppfyllir kröfur vegna keppni fatlaðra íþróttamanna í frjálsíþróttum.

Hægt verði að koma upp sérhæfðum áhöldum fatlaðra svo sem festingar fyrir kaststóla á keppnivöllum, svo aðeins eitt stakt atriði sé nefnt af mörgum.

Hönnun aðstöðu, stúku og keppnissvæðis taki mið af algildri hönnun.

Tækni- og mótstjórn á keppnissvæði

- Rafmagn og net sé lagt í brunna á völdum stöðum á vellinum. Auk möguleika á frekari lögnum.
- Mótsstjórn með yfirsýn yfir völinn.
- Gott hljóðkerfi og upplýsingaskjái.
- Hugað sé að þörfum fjölmiðla við hönnun mannvirkisins.
- Fundaraðstaða sé til staðar fyrir tæknifundi liðsfundi og annað samstarf frjálsíþróttafólks.
- Skrifstofuaðstaða fyrir yfirstjórn frjálsíþróttamála.
- Vinnuherbergi mótsstjórnar
- Tímavarðarhús á tveimur stöðum, við endamörk á langhliðum.

Aðstaða utan keppnissvæðis

- Bílastæði verði tengd öðrum bílastæðum á svæðinu, eða það verði gerð sér bílastæði fyrir þessa aðstöðu.
- Bílastæði fyrir rútur og liðsrútur verði nálægt inngangi á völl.
- Tryggt verði að sjúkrabílar hafi góða tengingu inn á vallarsvæðið.
- Búningsklefar, fyrir átta lið, með snyrtingum og sturtum, auk aðstöðu fyrir þá sem kyns eða annars þurfa á sérstökum klefum.
- Búningsklefar fyrir dómara.
- Mótsstjórn og vinnurými fyrir dómara og starfsmenn móta, þul, úrslitavinnslu og aðra upplýsingamiðlun.
- Aðstaða fyrir tímatöku, við endamark.
- Aðstaða fyrir lyfjapróf, 2 herbergi með salerni.
- Fundarsalur fyrir tæknifund, með þjálfurum og dómurum
- Skrifstofa stjórnenda
- Aðstaða fyrir sjúkrapjálfa liða, sem rúmi 4 nuddbekki, eða sambærilegt
- Lyftingarsalur fyrir keppendur og iðkendur
- Geymsla, upphituð fyrir dýnur, grindur og annan umfangsmeiri búnað, ca. 100fm
- Geymsla fyrir smærri áhöld og búnað, tímatökutæki, startblokkir, kastáhöld, mælingarbúnað og fleira með hillum og læstum skápum.
- Aðstaða fyrir veitingasölu vegna móta.
- Mjúkt hlaupasvæði, minnst 150m með mjúku gervigrasi. 5-10m breitt, upphitað að vetri.
- Hoppaðstaða í tröppum/stúkum. Yfirbyggðar og upphitaðar tröppur með mjúku efni til æfinga, a.m.k 10 metrar. Að minnsta kosti 20 tröppur sambærilegar tröppum í stúku Laugardalshallar.
- Mælingaaðstaða fyrir þjálfara, sjúkrapjálfa og vísindamenn, 100 fm
- Vinnuherbergi þjálfara, 3*10 fm
- Votrymi með varanlegri kælingaraðstöðu
- Tryggt aðgengi að rafmagni fyrir íþróttamenn, þjálfara og aðra gesti.

9. Hönnun og nýting mannvirkis

Nefndin hefur nú fengið sérfræðinga til að leggja mat á helstu þarfir varðandi rými á svæðinu líkt og sjá má á neðangreindri töflu.

Rými	Skilgreining á rýmum	Fermetrar	athugasemdir
		m ²	
Bað- og búningaklefar	Búningsaðstaða fyrir bæði kynin, fjórir sinnum tveir búningaklefar með tvisvar sinnum tveimur snyrtingum og tveimur sturtuklefum. Snagar skulu vera fyrir 30 keppendur í hverjum búningaklefa.	320	4x 80m ²
Bað- og búningaðstaða dómara	Kynjaskipt búningsherbergi með sturtu, fataskápum og snyrtingu fyrir dómara. Tvö herbergi.	40	2x 20m ²
Móttjórn og fleira	Þrjú herbergi fyrir mótsstjórn, úrslitavinnslu og upplýsinga-miðlun á mótum. Nýtist sem fundarherbergi annars.	60	3x 20m ²
Tímatöku-aðstaða	Aðstaða við endamark vegna tímatöku og nýtist einning undir úrslitavinnslu og móttjórn á smærri mótum.	20	2x 10m ²
Aðstafa fyrir lyfjapróf	Aðstaða vegna lyfjaprófa, 2 herbergi með salemi.	20	2x 10m ²
Fundarsalur	Fundarsalur fyrir tæknifund, með þjálfurum og dómurum t.d. Smáþjóðaleikar og Evrópubikar og fundi vegna MÍ	80	vel tæknivætt, skjávarpi og nettengingar
Sjúkraþjálfun - nudd	Aðstaða fyrir sjúkraþjálfara liða, sem rúmi 4 nuddbekki, eða sambærilegt	20	með vöskum
Lyftingarsalur	Lyftingarsalur fyrir keppendur og iðkendur	80	vel tækjum búinn, með t.d. olympískum stöngum
Geymsla fyrir búnað	Geymsla, upphituð fyrir dýnur, grindur og annan umfangsmeiri búnað	100	með góðu aðgengi að velli, stórar útkeyrsludyr
Geymsla fyrir smærri búnað, áhöld og tæki	Geymsla fyrir smærri áhöld og búnað, tímatökutæki, startblokkir, kastáhöld, mælingarbúnað og fleira með hillum og læstum skápum.	30	Gott aðgengi að velli
Veitingarsala	Aðstaða fyrir veitingarsölu vegna móta.	50	uppfyllir kröfur heilbrigðiseftirlits m.t.t. Eldhúss, aðstaða til að fá sér kaffi og e-ð smávegis
Vinnuaðstaða vegna mælinga	Mælingaaðstaða fyrir þjálfara, sjúkraþjálfara og vísindamenn	60	
Aðstaða þjálfara	Vinnuherbergi þjálfara,	30	3x 10m ²
Samtals		910	
Gangar, stigar, fatageymslur, tæknirými og óskilgreind rými		118	13% álag á öll rými.
Veggir		113	11% álag á allt rými.
Samtals heild		1141	

Reykjavík 22. september 2021

Kæri borgarstjóri Dagur B. Eggertsson!

Í dag eru tímamót. Starfshópur skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra um þjóðarleikvang í frjálsíþróttum afhenti í morgun ráðherra skýrslu sína. Starfshópurinn hefur átt sérlega gott og farsælt samstarf sem lýkur formlega í dag við þessa afhendingu.

Eins og fram kemur í skýrslunni tók vinna nefndarinnar meiri tíma en henni var ætlað við skipun eins og segir m.a. vegna óhjákvæmilegrar tengingar við önnur uppbyggingaráform í Laugardalnum. Við vildum ekki draga frekar afhendingu skýrslunnar, en það er augljóst ef skýrslan er lesin að frum kostnaðarmat byggir ekki á nákvæmum útreikningum eða áætlunum.

Þá leggur hópurinn ekki til neina afdráttarlausu tillögu um skiptingu kostnaðar við uppbyggingu þjóðarleikvangs.

Ef einhverjar spurningar vakna erum við sannarlega klár til frekari vinnu.

Fyrir hönd starfshópsins,


Freyr Ólafsson